

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala

Til fjölmiðla

1/2011

Reykjavík, 17. maí 2011.

Í ljósi fréttu af uppsveiflu á fasteignamarkaði vill eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, sem starfar samkvæmt ákvæðum laga um sölu fasteigna-, fyrirtækja- og skipa, nr. 99/2004 (fsl.) koma eftirfarandi á framfæri við almenning.


Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala hvetur þá sem hyggja á kaup eða sölu fasteigna og kjósa að leita milligöngu fasteignasala í þeim viðskiptum, að gæta að því að þeir sem bjóða fram slíka milligöngu hafi tilskilin réttindi.

Fasteignamarkaðurinn er mikilvægur markaður fyrir neytendur og um störf fasteignasala gilda lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, sem m.a. er ætlað að tryggja réttaröryggi kaupenda og seljenda fasteigna. Þeim einum er heimilt að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum fyrir aðra sem hafa til þess löggildingu sýslumanns. Á heimasíðu sýslumannsins í Hafnarfirði er að finna lista yfir löggilta fasteignasala. Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjáртjóns sem leiðir af gáleysi í störfum hans eða þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá honum. Fasteignasala ber sjálfum að starfa á fasteignasölu sinni og vera eigandi að rekstrinum. Þá er fasteignasala einungis heimilt að hafa í þjónustu sinni við fasteignasöluna menn sem ábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir fasteignasalar.

Eftirlitsnefndinni hafa borist ábendingar um að á undanfögnu hafi þess í vaxandi mæli gætt að aðilar sem ekki hafa tilskilin réttindi á grundvelli laga um sölu fasteigna bjóði kaupendum eða seljendum fasteigna milligöngu um sölu eigna þeirra. Viðskiptavinum fasteignasala er tryggð ákveðinn réttarvernd með lögum og það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að óskað sé upplýsinga um hvaða fasteignasali annist milligöngu um viðskipti þeirra. Eftirlitsnefndin fjallar um störf fasteignasala og mál sem tengjast þeim en að gefnu tilefni er bent á að nefndin fjallar ekki um eða tekur afstöðu til réttarágreinings sem kann að vera milli kaupenda og seljenda fasteigna.

Hægt er að beina erindum til eftirlitsnefndar Félags fasteignasala með því að senda tölvupóst á netfang hennar: eff@evr.is.

F.h. eftirlitsnefndar Félags fasteignasala,


Þórður Bogason form.